



336. Stjórnarfundur haldinn 18. ágúst 2009 kl:17:05

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Fundagerð sunddeildar Keflavíkur ásamt fylgigögnum v/stofnunar á sameiginlegri sunddeild Keflavíkur og Njarðvíkur. Fram kemur að sunddeild Keflavíkur hafi samþykkt tillöguna en UMFN hafi hafnað henni og forsendur því brostnar um sameiginlega sunddeild.

Bréf frá Velferðasjóði barna v/tilkynningar á styrk til íþrótt- og leikjaskóla Keflavíkur.

Bréf frá UMFÍ Göngum um Ísland.

Bréf frá UMFÍ NODBUK-verkefni /styrkir.

Bréf frá ÍSÍ v/ H1N1inflúensu. *Ákveðið að setja á heimssíðu félagsins.*

3. Send bréf.

Bréf til Velferðasjóðs barna/umsókn um styrk í íþrótt- og leikjaskólann.

4. 26. Landsmót og 12 ULM UMFÍ.

EH ræddi um þátttöku okkar á landsmótunum. Keflavík var með 24 keppendur á Akureyri og 84 keppendur á Sauðárkróki. Félagið greiddi þáttökugjöldin og leigu af 30 fermetra tjaldi sem notað var á Sauðárkróki. Allir keppendur okkar stóðu sig vel. Aðalstjórn vil þakka þeim aðilum sem komu að undirbúningi og stjórnun.

5. Íþrótt- og leikjaskóli.

EH kynnti skýrslu íþrótt- og leikjaskólans. Hundrað og eitt barn tók þátt í þessum tveimur námskeiðum.

6. 17. júní 2009.

EH kynnti skýrslu og uppgjör 17. júnínefndar. Dagskráin var vel heppnuð. *Samþykkt að bæta við hlut deilda sem unnu á 17. júní svo að þeirra hlutur verði fimmtíu þúsund krónur.*

7. 80 ára afmæli félagsins.

Umræður um framkvæmd afmælisins. Skoða með að setja upp sögusýningu, útbúa borðfána með merki félagsins þar sem kemur fram 80 ára afmæli félagsins og hafa grill fyrir stjórnir og maka. Hætt við að láta gera könnur. Ritun á sögu félagsins er á lokastigi og útgáfa á bókinni verður ca. 20. september.

8. Önnur mál.



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ





FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

Heilsu- og forvarnarvika Reykjanesbæjar 21.-27. september 2009.

Vætanlegt þing ÍRB-fulltrúar okkar.

Þing UMFÍ verður haldið í Reykjanesbæ 10. – 11. okt. í Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Framtíð Hringbrautasvæðis. EH skýrði frá fundi sem framtíðarnefndin sat með fulltrúum RNB. Ákveðið að taka upp völinn að loknum síðasta heimaleik Keflavíkur og gera samning um áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu.

Næsti fundur 26. ágúst 2009 kl. 17:05

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:45
Fundinn ritaði SG



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ